



VIÐHORF TIL KAUPFÉLAGS EYFIRÐINGA

**SPURNINGAVAGN 2005
EYJAFJÖRÐUR OG SUÐUR-ÞINGEYJARSÝSLA**

Unnið fyrir:

KEA

Hjördís Sigursteinsdóttir

Mars 2005

Efnisyfirlit

Myndaskrá	4
Töfluskrá:	6
1. Inngangur	7
2. Framkvæmd og heimtur	7
3. Niðurstöður	8
3.1. Ert þú félagsmaður í KEA?	8
3.1.1. En hefur þú áhuga á að gerast félagsmaður í KEA?	9
3.2. Ert þú aðili að kostakorti KEA?	11
3.2.1. En hefur þú áhuga á að gerast aðili að kostakorti KEA?	12
3.3. Hvort telur þú að breytingarnar á KEA hafi verið jákvæðar eða neikvæðar?	13
3.4. Finnst þér þú hafa fengið nægjanlegar upplýsingar um þær breytingar sem orðið hafa á starfsemi KEA?	17
3.5. Hvað er að þínu mati það jákvæðasta sem KEA hefur fengist við upp á síðkastið?	19
3.6. Hvað er að þínu mati það neikvæðasta sem KEA hefur fengist við upp á síðkastið?	20
3.7. Hvernig finnst þér að til hafi tekist með fjárfestingar KEA á félagssvæðinu og í staðbundnum verkefnum?	20
3.8. Geturðu nefnt dæmi um eitthvað sem þér finnst hafa gengið vel eða illa?	24
3.9. Ef þú ættir að nefna eitt svið eða málaflokk þar sem KEA ætti að beita fjármunum sínum til fjárfestinga eða framfaraverkefna hvað myndi það vera?	24
3.10. Þegar á heildina er litið hvort myndir þú segja að þú hafir jákvæða eða neikvæða tilfinningu gagnvart KEA?	25
3.11. Fyrir hvað stendur merki KEA – skammstöfunin og græni tígullinn- í þínum huga?	28
3.12. Telur þú að það gæti orðið gagnlegt fyrir félagið að skipta um nafn og skammstöfun og vísa betur til staðbundinna framfaraverkefna og byggðafestu?	29
3.13. Hefur þú veitt athygli einhverjum af þeim menningarverkefnum eða einstaklingsstyrkjum sem KEA hefur úthlutað á síðustu árum?	32
3.13.1. Geturðu nefnt dæmi um slíkt verkefni sem þér fannst áhugavert eða mikilvægt?	34
3.14. Hver er þín skoðun á samstarfsverkefnum KEA og HA, er það jákvætt eða neikvætt?	34

3.15. Hver er þín skoðun á aðild KEA að vaxtarsamningi Eyjafjarðar, er það jákvætt eða neikvætt?	37
3.15. Er eitthvað eitt sem þú myndir nefna sem mikilvægt er að KEA hugi að eða setji á sína stefnuskrá?	40
3.16. Lokaorð.....	41
4. Viðauki.....	42

Myndaskrá

Mynd 1. Svarhlutfall.....	7
Mynd 2. Ert þú félagsmaður í KEA?	8
Mynd 3. Ert þú félagsmaður í KEA, greint eftir aldri og kynferði.	9
Mynd 4. Ert þú félagsmaður í KEA, greint eftir búsetu.....	9
Mynd 5. En hefur þú áhuga á að gerast félagsmaður?	10
Mynd 6. En hefur þú áhuga á að gerast félagsmaður, greint eftir aldri og kynferði.....	10
Mynd 7. En hefur þú áhuga á að gerst félagsmaður, greint eftir búsetu.	10
Mynd 8. Ert þú aðili að kostakorti KEA?.....	11
Mynd 9. Ert þú aðili að kostakorti KEA, greint eftir aldri og kynferði.	11
Mynd 10. Ert þú aðili að kostakorti KEA, greint eftir búsetu.....	12
Mynd 11. En hefur þú áhuga á að gerast aðili að kostakorti KEA?.....	12
Mynd 12. En hefur þú áhuga á að gerast aðili að kostakorti KEA, greint eftir aldri og kynferði?	13
Mynd 13. En hefur þú áhuga á að gerast aðili að kostakorti KEA, greint eftir búsetu?	13
Mynd 14. Hvort telur þú að breytingarnar á KEA hafi verið jákvæðar eða neikvæðar?	14
Mynd 15. Hvort telur þú að breytingarnar á KEA hafi verið jákvæðar eða neikvæðar, greint eftir kynferði.	15
Mynd 16. Hvort telur þú að breytingarnar á KEA hafi verið jákvæðar eða neikvæðar, greint eftir aldri.	15
Mynd 17. Hvort telur þú að breytingarnar á KEA hafi verið jákvæðar eða neikvæðar, greint eftir félagsdeild.	16
Mynd 18. Hvort telur þú að breytingarnar á KEA hafi verið jákvæðar eða neikvæðar, greint eftir félagsaðild.....	16
Mynd 19. Finnst þér þú hafa fengið nægjanlegar upplýsingar um þær breytingar sem orðið hafa á starfsemi KEA?	17
Mynd 20. Finnst þér þú hafa fengið nægjanlegar upplýsingar um þær breytingar sem orðið hafa á starfsemi KEA, greint eftir aldri og kynferði.	18
Mynd 21. Finnst þér þú hafa fengið nægjanlegar upplýsingar um þær breytingar sem orðið hafa á starfsemi KEA, greint eftir búsetu.	18
Mynd 22. Finnst þér þú hafa fengið nægjanlegar upplýsingar um þær breytingar sem orðið hafa á starfsemi KEA, greint eftir félagsaðild.	19
Mynd 23. Hvernig finnst þér að til hafi tekist með fjárfestingar KEA á félagssvæðinu og í staðbundnum verkefnum?	21

Mynd 24. Hvernig finnst þér að til hafi tekist með fjárfestingar KEA á félagssvæðinu og í staðbundnum verkefnum, greint eftir kynferði.	22
Mynd 25. Hvernig finnst þér að til hafi tekist með fjárfestingar KEA á félagssvæðinu og í staðbundnum verkefnum, greint eftir aldri.	22
Mynd 26. Hvernig finnst þér að til hafi tekist með fjárfestingar KEA á félagssvæðinu og í staðbundnum verkefnum, greint eftir búsetu.	23
Mynd 27. Hvernig finnst þér að til hafi tekist með fjárfestingar KEA á félagssvæðinu og í staðbundnum verkefnum, greint eftir félagsaðild.	23
Mynd 28. Þegar á heildina er litið hvort myndir þú segja að þú hafir jákvæða eða neikvæða tilfinningu gagnvart KEA?	26
Mynd 29. Þegar á heildina er litið hvort myndir þú segja að þú hafir jákvæða eða neikvæða tilfinningu gagnvart KEA, greint eftir kynferði.	26
Mynd 30. Þegar á heildina er litið hvort myndir þú segja að þú hafir jákvæða eða neikvæða tilfinningu gagnvart KEA, greint eftir aldri.	27
Mynd 31. Þegar á heildina er litið hvort myndir þú segja að þú hafir jákvæða eða neikvæða tilfinningu gagnvart KEA, greint eftir búsetu.	27
Mynd 32. Þegar á heildina er litið hvort myndir þú segja að þú hafir jákvæða eða neikvæða tilfinningu gagnvart KEA, greint eftir félagsaðild.	28
Mynd 33. Telur þú gagnlegt fyrir félagið að skipta um nafn og skammstöfun?	29
Mynd 34. Telur þú gagnlegt fyrir félagið að skipta um nafn og skammstöfun, greint eftir kynferði.	30
Mynd 35. Telur þú gagnlegt fyrir félagið að skipta um nafn og skammstöfun, greint eftir aldri.	30
Mynd 36. Telur þú gagnlegt fyrir félagið að skipta um nafn og skammstöfun, greint eftir búsetu.	31
Mynd 37. Telur þú gagnlegt fyrir félagið að skipta um nafn og skammstöfun, greint eftir félagsaðild.	31
Mynd 38. Hefur þú veitt athygli einhverjum af þeim menningarverkefnum eða einstaklingsstyrkjum sem KEA hefur úthlutað á síðustu árum?	32
Mynd 39. Hefur þú veitt athygli einhverjum af þeim menningarverkefnum eða einstaklingsstyrkjum sem KEA hefur úthlutað á síðustu árum, greint eftir aldri og kynferði.	33
Mynd 40. Hefur þú veitt athygli einhverjum af þeim menningarverkefnum eða einstaklingsstyrkjum sem KEA hefur úthlutað á síðustu árum, greint eftir búsetu.	33
Mynd 41. Hefur þú veitt athygli einhverjum af þeim menningarverkefnum eða einstaklingsstyrkjum sem KEA hefur úthlutað á síðustu árum, greint eftir félagsaðild.	34
Mynd 42. Er jákvætt eða neikvætt að KEA taki þátt í samstarfsverkefnum með HA?	35

Mynd 43. Er jákvætt eða neikvætt að KEA taki þátt í samstarfsverkefnum með HA, greint eftir kynferði.	35
Mynd 44. Er jákvætt eða neikvætt að KEA taki þátt í samstarfsverkefnum með HA, greint eftir aldri.....	36
Mynd 45. Er jákvætt eða neikvætt að KEA taki þátt í samstarfsverkefnum með HA, greint eftir búsetu.	36
Mynd 46. Er jákvætt eða neikvætt að KEA taki þátt í samstarfsverkefnum með HA, greint eftir félagsaðild.....	37
Mynd 47. Er jákvætt eða neikvætt að KEA sé stór aðili að vaxtarsamningi Eyjafjarðar?	38
Mynd 48. Er jákvætt eða neikvætt að KEA sé stór aðili að vaxtarsamningi Eyjafjarðar, greint eftir kynferði.	38
Mynd 49. Er jákvætt eða neikvætt að KEA sé stór aðili að vaxtarsamningi Eyjafjarðar, greint eftir aldri.	39
Mynd 50. Er jákvætt eða neikvætt að KEA sé stór aðili að vaxtarsamningi Eyjafjarðar, greint eftir búsetu.....	39
Mynd 51. Er jákvætt eða neikvætt að KEA sé stór aðili að vaxtarsamningi Eyjafjarðar, greint eftir félagsaðild..	40

Töfluskrá:

Tafla 1. Hvað er að þínu mati það jákvæðasta sem KEA hefur fengist við upp á síðkastið?	20
Tafla 2. Hvað er að þínu mati það neikvæðasta sem KEA hefur fengist við upp á síðkastið?.....	20
Tafla 3. Geturðu nefnt dæmi um eitthvað sem þér finnst hafa gengið vel eða illa?	24
Tafla 4. Málaflokkur eða svið sem KEA ætti að beita fjármunum sínum til fjárfestinga eða framfaraverkefna.	25
Tafla 5. Fyrir hvað stendur merki KEA – skammstöfunin og græni tígullinn – í þínum huga?	28
Tafla 6. Dæmi um áhugaverð verkefni.	34
Tafla 7. Er eitthvað sem þú myndir nefna sem mikilvægt er að KEA hugi að eða setji á sína stefnuskrá?	40


1. Inngangur

Í febrúar og marsmánuði framkvæmdi Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri skoðanakönnun meðal íbúa í Eyjafirði og Suður-Þingeyjarsýslu og meðal annars voru spurðar fimmtán spurningar fyrir Kaupfélag Eyfirðinga Akureyri. Dr. Grétar Þór Eypórsson, Hjördís Sigursteinsdóttir og Kjartan Ólafsson unnu að þessari könnun fyrir hönd RHA. Höfundur þessarar skýrslu er Hjördís Sigursteinsdóttir, sérfræðingur RHA.

2. Framkvæmd og heimtur

Könnunin var framkvæmd dagana 25. febrúar til 9. mars sl. Þýðið var skilgreint sem fólk á aldrinum 18-80 ára og var búsett í Eyjafirði og Suður-Þingeyjarsýslu 1. febrúar 2005. Tekið var lagskipt úrtak úr þessum hópi. Upphaflegt úrtak var 1417 einstaklingar. Síðar kom í ljós að 36 þeirra voru búsettir utan svæðisins og 27 einstaklingar voru látnir, veikir eða töluðu ekki íslensku. Auk þess sem ekki fannst símanúmer hjá 127 einstaklingum, þrátt fyrir ítrekaða leit. Endanlegt úrtak varð því 1227 manns.

Alls náðist samband við 1105 manns eða rétt um 90% þeirra sem voru á skrá. Samþykktu 892 þeirra að taka þátt í könnuninni en 213 manns neituðu að taka þátt. Svarhlutfall í þessari könnun er tæplega 73% sem er vel viðunandi í slíkri könnun.



Þar sem um lagskipt úrtak var að ræða er nauðsynlegt að vega svörin áður en úrvinnslan fer fram. Þetta þýðir í raun að svör einstaklinga vega mismikið eftir búsetu þeirra.


3. Niðurstöður


Grunnbreytur fyrir spurningar KEA eru fjórar: kyn, aldur, búseta og hvort viðkomandi sé félagsmaður í KEA eða ekki. Allar spurningar nema opnar spurningar (þar sem viðkomandi átti kost á að svara með sínum orðum) voru greindar eftir grunnbreytunum. Í einu tilviki hefur láðst að skrá kyn og í 5 tilvika hefur láðst að skrá aldur. Ekki svara allir spurningunni varðandi aðild að KEA eða ekki. Þetta leiðir til þess að þegar greint er eftir þessum grunnbreytum verður heildarfjöldinn ekki sá sami.

Hér fyrir aftan gefur að líta niðurstöður könnunarinnar á myndrænan hátt ásamt stuttri túlkun. Áreiðanleiki niðurstaðna var metinn með viðeigandi tölfræðilegum aðferðum í hvert sinn og er tekið mið af slíkri greiningu í umræðunni um tengsl milli svara við einstökum spurningum og þeirra bakgrunnspátta sem til skoðunar eru.


3.1. Ert þú félagsmaður í KEA?

Spurt var hvort viðkomandi væri félagsmaður í KEA. Meirihluti svaraði þessari spurningu neitandi eða 567 manns (64,4%), 299 manns eða 33,9% eru félagsmenn í KEA og 15 manns svarar því til að þeir viti ekki hvort þeir séu félagsmenn eða ekki. Við nánari skoðun á bakgrunnspáttum má sjá að kynjamunur er nær enginn en hins vegar eru marktæk tengsl milli aldurs og þess hvort viðkomandi sé félagsmaður í KEA eða ekki. Lægri aldur þýðir lægra hlutfall félagsmanna í KEA. Einnig má greina tengsl milli búsetu fólks og hvort það er félagsmaður í KEA eða ekki. Greinilegt er að fólk sem býr í dreifbýli er í meira mæli félagsmenn í KEA en þeir sem búa í þéttbýli. Hæst er hlutfall félagsmanna í KEA í dreifbýlishreppunum í vestur og austur Eyjafjarðardeild en einnig má sjá að félagsmenn eru mun færri í Suður-Þingeyjarsýslu en fólk búsett í Eyjafirði.








Mynd 3. Ert þú félagsmaður í KEA, greint eftir aldri og kynferði.



Mynd 4. Ert þú félagsmaður í KEA, greint eftir búsetu.



3.1.1. En hefur þú áhuga á að gerast félagsmaður í KEA?


Þeir sem svöruð því neitandi að þeir væri félagsmenn í KEA voru spurðir hvort þeir hefðu áhuga á að gerast félagsmenn í KEA. Í flestum tilvikum hefur fólk ekki áhuga á að gerast félagsmenn í KEA en þó svarar 14,5% því til að það komi alveg til greina og 1% eða 7 manns svarar því til að það hafi mikinn áhuga. Ekki er hægt að greina nein tengsl milli kynferðis, aldurs né búsetu og hvort áhugi sé á því að gerast félagsmaður í KEA eða ekki.



3.2. Ert þú aðili að kostakorti KEA?

Spurt var hvort viðkomandi væri aðili að kostakorti KEA. Skemmst er frá því að segja að aðeins 4,4% svarar því til að það sé aðili að kostakorti KEA, 95,1% er ekki aðili og 0,8% veit ekki hvort það er aðili að kostakorti KEA eða ekki.








3.2.1. En hefur þú áhuga á að gerast aðili að kostakorti KEA?

Þeir sem svöruð því neitandi að þeir væru aðilar að kostakorti KEA voru spurðir hvort þeir hefðu áhuga á að gerast aðilar að kostakorti KEA. Líðlega fimmtungur aðspurðra svara því til að það komi alveg til greina eða hafi mikinn áhuga á að gerast aðilar að kostakortinu en tæplega 70% hefur engan áhuga á því og 8,5% svara að þeir viti það ekki.

Nokkuð fleiri karlar en konur hafa áhuga en lítil munur er á svörum eftir aldri eða félagsdeilda innan KEA. Þó má sjá að einstaklingar búsettir í Þingeyjarsýslu hafi minni áhuga en aðrir.





3.3. Hvort telur þú að breytingarnar á KEA hafi verið jákvæðar eða neikvæðar?


Næst var fólki tjáð að KEA hafi gengið í gegnum talsvert miklar breytingar á síðustu árum. Síðan var spurt þegar á heildina væri litið hvort viðkomandi teldi að þessar breytingar hafi verið jákvæðar eða neikvæðar. Mun fleiri telja að breytingarnar hafi verið jákvæðar en neikvæðar, en þó má segja að rúmlega fjórðungur þeirra sem svara telja að þessar breytingar hafi verið neikvæðar.



Marktæk tengsl eru milli kynferðis og svara við þessari spurningu þannig að karlar telja í meira mæli en konur að breytingarnar séu mjög eða frekar neikvæðar, konur svara hins vegar í meira mæli að þær séu hvorki jákvæðar né neikvæðar eða mjög eða frekar jákvæðar.



Einnig eru marktæk tengsl milli aldurs og svara við þessari spurningu þannig að hækkandi aldur þýðir meiri neikvæðni.

Nokkur tengsl eru milli félagsdeilda og hvort viðkomandi er jákvæður eða neikvæður gagnvart breytingunum. Einstaklingar búsettir á svæði Þingeyjardeildar og Austur-Eyjafjarðardeildar telja í meira mæli að breytingarnar séu mjög eða frekar neikvæðar en einstaklingar búsettir á svæðum annarra deilda.

Það hvort að viðkomandi sé félagsmaður í KEA eða ekki hefur ekki áhrif á svör fólks við þessari spurningu.








3.4. Finnst þér þú hafa fengið nægjanlegar upplýsingar um þær breytingar sem orðið hafa á starfsemi KEA?



Spurt var hvort viðkomandi finnist hann hafa fengið nægjanlegar upplýsingar um þær breytingar sem orðið hafa á starfsemi KEA. Liðlega helmingur svarar spurningunni játandi eða 55,5% svarenda. Um 29,55 telur að hann hafi ekki fengið nægjanlegar upplýsingar og 15% svarar því til að þeir hafi ekki áhuga á slíkum upplýsingum.


Kynferði hefur áhrif á svör fólks varðandi upplýsingar um breytingar á starfsemi KEA þannig að konur hafa í meira mæli en karlar ekki áhuga á að fá þessar upplýsingar. Einnig má greina marktæk tengsl eftir aldri þannig að yngra fólkið telur sig í meira mæli ekki hafa fengið nægjanlegar upplýsingar um breytingarnar á starfseminni.

Ekki eru marktæk tengsl milli svára fólks eftir félagsdeildum KEA þó glögggt megi greina aðeins minni áhuga á upplýsingum meðal fólks á svæði Þingeyjardeildar og einstaklinga á svæði Út-Eyjafjarðardeildar.

Það eru hins vegar marktæk tengsl eftir því hvort viðkomandi einstaklingur sé félagsmaður í KEA þannig að félagsmenn í KEA telja í mun meira mæli en þeir sem ekki eru félagsmenn í KEA að þeir hafi fengið nægjanlegar upplýsingar um þær breytingar sem orðið hafa á starfsemi KEA. Einnig kemur fram minni áhugi á að fá slíkar upplýsingar meðal þeirra sem ekki eru félagsmenn.







3.5. Hvað er að þínu mati það jákvæðasta sem KEA hefur fengist við upp á síðkastið?

Spurt var hvað viðkomandi finnst vera það jákvæðasta sem KEA hefur fengist við upp á síðkastið. Þetta var opin spurning þar sem fólki var heimilt að segja hvað sem er. Rétt um 36% einstaklinga svöruðu þessari spurningu. Við lestur á svörum þeirra voru einkum þrjú atriði sem áttu samhljóm í mörgum svörum en það er:

- Atvinnuuppbygging og nýsköpun
- Styrkveitingar
- Samgöngumál

Hvað varðar atvinnuuppbyggingu og nýsköpun þá voru flestir sem einfaldlega skrifuðu atvinna, atvinnuuppbygging eða nýsköpun en einnig voru þó nokkrir sem nefndu t.d. Norðlenska og þróun í mjólkuriðnaði og var þá skyrið oft á tíðum nefnt.

Mjög margir nefndu styrkveitingar og þá sérstaklega styrki til ýmissa menningarmála og svo íþróttastyrki og var þá nefnt annað hvort til íþróttamanna eða ákveðinna íþróttagreina sem og afreksfólks.

Ennfremur voru samgöngumálin oft nefnd og þeir sem nefndu ákveðna samgöngubót nefndu Vaðlaheiðargöng og einnig var nokkuð um að hálendisvegurinn væri nefndur.

Sjá nánar töflu hér fyrir aftan og svörin, eins og þau komu fyrir, í viðauka.

Tafla 1. Hvað er að þínu mati það jákvæðasta sem KEA hefur fengist við upp á síðkastið?

Svar:	Fjöldi sem svarar:
Styrkir til einstaklinga, fyrirtækja og málefna	130
Atvinnuuppbygging og nýsköpun	67
Aðild að samgöngumálum	43
Fjárfestingar	21
Lágvöruverlanir	21
Norðlenska	20
Þróun í mjólkuriðnaði	19

3.6. Hvað er að þínu mati það neikvæðasta sem KEA hefur fengist við upp á síðkastið?

Spurt var hvað viðkomandi finnst vera það neikvæðasta sem KEA hefur fengist við upp á síðkastið. Þetta var opin spurning þar sem fólki var heimilt að segja hvað sem er. Tónninn í þessum svörum var tvímælaust kaup og sala á fyrirtækjum sem KEA hefur átt afskipti af. Margir nefndu að þeir hefðu hætt öllum atvinnurekstri, dregið sig út úr fyrirtækjum og selt þau, einnig voru margir sem nefndu matvöruverlanirnar, niðurlagningu hverfaverslananna eða söla á þeim. Margir nefndu einnig yfirtökuna á KP, að það hafi verið mjög neikvætt og einnig salan á ÚA. Ennfremur voru nokkrir sem voru ósáttir við söluna á Kaldbak. Nokkrir höfðu orð á því að KEA væri ekki orðið að neinu, bara verðbréfabrask og þó nokkrir höfðu orð á því að KEA hafi farið illa með bændur.

Sjá nánar töflu hér fyrir aftan og svörin, eins og þau komu fyrir, í viðauka.

Tafla 2. Hvað er að þínu mati það neikvæðasta sem KEA hefur fengist við upp á síðkastið?

Svar:	Fjöldi sem svarar:
Drógu sig út úr atvinnurekstri og seldu fyrirtæki	87
Yfirtaka á KP	31
Fyrirtækið ekki orðið að neinu	20
Verðbréfabrask	10
Fóru illa með bændur	9
Aðkoma að samgöngumálum	9
Aðgerðarleysi	6
Ekki nógu sýnilegir	6

3.7. Hvernig finnst þér að til hafi tekist með fjárfestingar KEA á félagssvæðinu og í staðbundnum verkefnum?


Byrjað var á því að upplýsa viðmælanda um að KEA hefði lagt áherslu á fjárfestingar á félagssvæðinu og í staðbundnum verkefnum. Síðan var spurt „hvernig finnst þér að þarna hafi til tekist?“.


Almennt er fólk mjög ánægt með hvernig til hefur tekist varðandi fjárfestingar á félagssvæðinu og í staðbundnum verkefnum því um 60% telur að það hafi tekist mjög eða frekar vel. Tæplega 26% tekur ekki afstöðu og svarar að það hafi hvorki tekist vel né illa. Aðeins 4,4% telur að þetta hafi tekist mjög eða frekar illa.

Kynferði hefur áhrif á svör fólks við þessari spurningu þannig að konur taka í minna mæli en karlar afstöðu til þess og þær sem það gera eru mun jákvæðari en karlarnir og telja í meira mæli að mjög eða frekar vel hafi til tekist.


Einnig eru marktæk tengsl milli aldurs og svara við þessari spurningu þannig að aldurinn 26-45 ára tekur neikvæðari afstöðu en aðrir.

Ekki reyndist marktækur munur milli svara einstaklinga eftir búsetu en dreifing svara við þessari spurningu er keimlík milli félagsdeilda innan KEA. Hins vegar er marktækur munur milli svara eftir félagsaðild þanngi að félagsmenn í KEA eru mun jákvæðari í viðhorfum sínum til þess hvernig til hefur tekist í fjárfestingum á félagssvæðinu og í staðbundnum verkefnum heldur en þeir sem ekki eru félagsmenn.







Mynd 24. Hvernig finnst þér að til hafi tekist með fjárfestingar KEA á félagssvæðinu og í staðbundnum verkefnum, greint eftir kynferði.



Mynd 25. Hvernig finnst þér að til hafi tekist með fjárfestingar KEA á félagssvæðinu og í staðbundnum verkefnum, greint eftir aldri.



3.8. Geturðu nefnt dæmi um eitthvað sem þér finnst hafa gengið vel eða illa?

Viðkomandi var beðinn um að tilgreina eitthvað dæmi ef hann gæti, sem honum finnst hafa gengið vel eða illa.

Mörg dæmi voru nefnd en stundum gleymdist að geta þess hvort viðkomandi teldi að vel eða illa hafi til tekist. Einnig var að finna verkefni sem sumum þótti vel til takast en öðrum illa. Nokkuð margir nefndu jarðböðin í Mývatnssveit og voru þeir allir sammála um það að þar hafi vel tekist til. Einnig nefndu nokkrir að vel hafi tekist varðandi menningarstyrkina. Þó nokkrir nefndu Norðlenska en flestir þeirra nefndu ekki hvort þar hefði tekist vel eða illa til. Af þeim sem það gerðu hins vegar voru fleiri sem fannst vel hafa tekist með Norðlenska. Sama var um Vaðlaheiðargöngin og Kaldbak. Hinsvegar voru allir sammála um að illa hafi til tekist með söluna á ÚA.

Sjá nánar svörin, eins og þau komu fyrir, í viðauka.

Tafla 3. Geturðu nefnt dæmi um eitthvað sem þér finnst hafa gengið vel eða illa?

Svar:	Hvernig tókst?
Jarðböðin í Mývatnssveit	Vel
Menningarstyrkir	Vel
Norðlenska	Vel og illa
Vaðlaheiðargöngin	Vel og illa
Kaldbakur	Vel og illa
Salan á ÚA	Illa

3.9. Ef þú ættir að nefna eitt svið eða málaflokk þar sem KEA ætti að beita fjármunum sínum til fjárfestinga eða framfaraverkefna hvað myndi það vera?

Viðkomandi var beðinn um að nefna eitt svið eða málaflokk þar sem honum finnst að KEA ætti að beita fjármunum sínum til fjárfestinga eða framfaraverkefna. Í langflestum tilvikum nefndir fólk atvinnusköpun eða í meira en helmingi tilvika og svo að efla byggð. Þar á eftir bera samgöngumálin, þá sérstaklega Vaðlaheiðargöngin, og menningarmálin nokkuð oft á góma. Einnig voru þó nokkrir sem töldu að KEA ætti að hlúa betur að bændum og landbúnaði á svæðinu sem og nýsköpun.

Sjá nánar svörin eins og þau komu fyrir í viðauka.

Tafla 4. Málaflokkur eða svið sem KEA ætti að beita fjármunum sínum til fjárfestinga eða framfaraverkefna.

Svar:	Fjöldi sem svarar:
Atvinnusköpun	118
Byggðamál	49
Samgöngumál	40
Meningarmál	30
Bændur og landbúnað	25
Nýsköpun	21
Íþróttamál	17
Menntamál	15

3.10. Þegar á heildina er litið hvort myndir þú segja að þú hafir jákvæða eða neikvæða tilfinningu gagnvart KEA?


Spurt var þegar á heildina er litið hvort viðkomandi hefði jákvæða eða neikvæða tilfinningu gagnvart KEA. Langflestir telja sig hafa frekar jákvæða tilfinningu gagnvart KEA eins og sést best á næstu mynd hér fyrir aftan.

Karlar virðast vera jákvæðari en konur en þó reyndist munurinn á mörkum þess að vera marktækur. Mun fleiri konur eru hlutlausar en karlar, þ.e. þær svöruðu mun fleiri að þær væru hvorki jákvæðar né neikvæðar.


Hvað aldurinn varðar þá eru marktæk tengsl milli aldurs og svars við þessari spurningu, þannig að aldurshópurinn 36-45 ára tekur jákvæðari afstöðu en fólk á öðrum aldri.

Búseta hefur einnig áhrif á svör fólks við þessari spurningu þannig að fólk á svæði Vestur og austur Eyjafjarðardeildar er mun neikvæðara en fólk á öðrum svæðum. Þó eru þeir miklu fleiri sem hafa jákvæða tilfinningu gagnvart KEA á öllum svæðum.



Þeir sem eru félagsmenn í KEA hafa mun jákvæðari tilfinningu gagnvart félaginu en þeir sem ekki eru félagsmenn. Einnig má sjá að mun herra hlutfall þeirra sem ekki eru félagsmenn í KEA hafa hvorki jákvæða né neikvæða tilfinningu gagnvart KEA.




Mynd 28. Þegar á heildina er litið hvort myndir þú segja að þú hafir jákvæða eða neikvæða tilfinningu gagnvart KEA?



Mynd 29. Þegar á heildina er litið hvort myndir þú segja að þú hafir jákvæða eða neikvæða tilfinningu gagnvart KEA, greint eftir kynferði.





3.11. Fyrir hvað stendur merki KEA – skammstöfunin og græni tígullinn- í þínum huga?

Viðkomandi var beðinn um að nefna fyrir hvað merki KEA stendur, skammstöfunin og græni tígullinn, í hans huga. Meira en helmingur svarenda svarar Kaupfélag Eyfirðinga Akureyri en svo voru einnig nokkuð margir sem svöruðu Kaupfélag Eyfirðinga og enn aðrir sem svöruðu bara kaupfélag. Einnig kom nokkuð oft fram í svörum fólksins liðin tíð, samvinnuhreyfingin, verslun, samtök bænda og framsóknarflokkurinn. Nokkrir nefndu að græni liturinn táknaði gróandann og túnin eða nokkuð sem vísaði til landbúnaðar.

Sjá nánar svörin, eins og þeir komu fyrir, í viðauka.

Tafla 5. Fyrir hvað stendur merki KEA – skammstöfunin og græni tígullinn – í þínum huga?


Svar:	Fjöldi sem svarar:
Kaupfélag Eyfirðinga Akureyri	290
Kaupfélag Eyfirðinga	181
Samvinnuhreyfingu	59
Liðna tíð	41
Bændasamfélag	35
Verslun og þjónusta	35
Kaupfélag	35
Framsóknarflokkinn	24
Akureyri	19



3.12. Telur þú að það gæti orðið gagnlegt fyrir félagið að skipta um nafn og skammstöfun og vísa betur til staðbundinna framfaraverkefna og byggðafestu?



Byrjað var á því að uppfæra viðmælandann um að nafn KEA vísi til þeirrar fjölþættu starfsemi sem félagið hafði áður með höndum sem kaupfélag. Síðan var spurt hvort viðkomandi teldi að það gæti verið gagnlegt fyrir félagið að skipta um nafn og skammstöfun og vísa betur til staðbundinna framfararverkefna og byggðafestu.

Nærri helmingur svarenda telur alls ekki ráðlegt að skipta um nafn og skammstöfun þó nafnið vísi til þeirrar starfsemi sem félagið hafði áður með höndum sem kaupfélag.

Ekki er hægt að greina neinn mun milli kynja eða búsetu varðandi þessa spurningu en hins vegar má greina marktæk tengsl milli aldurs og svara við þessari spurningu þannig að fólk á aldrinum 26-55 ára telur í meira mæli að það sé gagnlegt en fólk í á öðrum aldri. Einnig eru marktæk tengsl milli þess hvort viðkomandi er félagsmaður í KEA eða ekki og svara við þessari spurningu þannig að félagsmenn telja í mun meira mæli að það sé alls ekki ráðlegt.









3.13. Hefur þú veitt athygli einhverjum af þeim menningarverkefnum eða einstaklingsstyrkjum sem KEA hefur úthlutað á síðustu árum?

Spurt var hvort viðkomandi hefði veitt athygli einhverjum af þeim menningarverkefnum eða einstaklingsstyrkjum sem KEA hefur úthlutað á síðustu árum. Rétt innan við helmingur svarenda hefur veitt athygli einhverjum af þeim menningarverkefnum eða einstaklingsstyrkjum sem KEA hefur úthlutað á síðustu árum.


Kynferði hefur ekki áhrif á svör fólks við þessari spurningu en aldur hefur það. Einstaklingar 45-55 ára hafa í mun meira mæli en aðrir veitt þessum verkefnum eða styrkjum athygli.

Engin tengsl er að finna eftir búsetu eða hvort viðkomandi er félagsmaður í KEA eða ekki.






Mynd 39. Hefur þú veitt athygli einhverjum af þeim menningarverkefnum eða einstaklingsstyrkjum sem KEA hefur úthlutað á síðustu árum, greint eftir aldri og kynferði.



Mynd 40. Hefur þú veitt athygli einhverjum af þeim menningarverkefnum eða einstaklingsstyrkjum sem KEA hefur úthlutað á síðustu árum, greint eftir búsetu.



3.13.1. Geturðu nefnt dæmi um slíkt verkefni sem þér fannst áhugavert eða mikilvægt?

Þeir aðilar sem svöruðu spurningunni játandi að hafa veitt einhverjum af þeim menningarverkefnum eða einstaklingsstyrkjum sem KEA hefur úthlutað á síðustu árum voru beðnir um að nefna dæmi um slík verkefni sem þeim fannst áhugaverð eða mikilvæg. Helst kom fram í svörum fólks íþróttastyrkir, síðan lista- og menningarstyrkir og styrkir til tónlistarviðburða og tónlistarfólks. Sjá nánar svörin, eins og þau komu fyrir, í viðauka.



Tafla 6. Dæmi um áhugaverð verkefni.



Dæmi um slík verkefni:	Fjöldi sem svarar:
Íþróttastyrkir	120
Lista- og menningarstyrkir	96
Tónlistarviðburðir og tónlistarfólk	32
Námsstyrkir	19
Félagsmál	18
Atvinnumál	13
Safnamál	9
Styrkir til HA	9


3.14. Hver er þín skoðun á samstarfsverkefnum KEA og HA, er það jákvætt eða neikvætt?

Byrjað var á því að upplýsa viðmælandanum að KEA hafi tekið þátt í ýmsum samstarfsverkefnum með Háskólanum á Akureyri. Síðan var spurt hver skoðun viðkomandi væri á því, hvor það væri jákvætt eða

neikvætt. Langflestir telja slíkt vera mjög eða frekar jákvætt. Ekki er hægt að greina nein tengsl milli svara við þessari spurningu og þeirra bakgrunnspáttu sem til skoðunar voru.











3.15. Hver er þín skoðun á aðild KEA að vaxtarsamningi Eyjafjarðar, er það jákvætt eða neikvætt?

Byrjað var á því að upplýsa viðmælandanum að KEA sé stór aðili að Vaxtarsamningi Eyjafjarðar. Síðan var spurt hver skoðun viðkomandi væri á því, hvor það væri jákvætt eða neikvætt. Langflestir telja slíkt vera mjög eða frekar jákvætt. Aldur og kynferði hefur ekki áhrif á svör fólks við þessari spurningu en búseta hefur það. Búseta hefur áhrif þannig að einstaklingar búsettir í Þingeyjarsýslum eru ekki eins jákvæðir þó að þeir séu samt fleiri en neikvæðir.






Mynd 49. Er jákvætt eða neikvætt að KEA sé stór aðili að vaxtarsamningi Eyjafjarðar, greint eftir aldri.



Mynd 50. Er jákvætt eða neikvætt að KEA sé stór aðili að vaxtarsamningi Eyjafjarðar, greint eftir búsetu



3.15. Er eitthvað eitt sem þú myndir nefna sem mikilvægt er að KEA hugi að eða setji á sína stefnuskrá?

Viðkomandi var beðinn að segja til um hvort það væri eitthvað sem hann teldi mikilvægt að KEA hugi að eða setji á sína stefnuskrá. Í langflestum tilvikum nefndi fólk að það væri mikilvægt að KEA myndi stuðla að því að efla atvinnu á öllu svæðinu og stuðla að nýsköpun. Einnig voru nokkuð margir sem svöruðu að það að efla byggð væri eitthvað sem KEA ætti að einbeita sér að og var þá ýmist tekið fram að það ætti að vera í dreifbýli, í Eyjafirði eða utan Eyjafjarðar. Ennfremur nefndu þó nokkrir samgöngumálin og landbúnaðinn.

Sjá nánar svörin, eins og þau komu fyrir, í viðauka.

Tafla 7. Er eitthvað sem þú myndir nefna sem mikilvægt er að KEA hugi að eða setji á sína stefnuskrá?

Svar:	Fjöldi sem svarar:
Efla atvinnu og nýsköpun	143
Efla byggð	54
Styðja mennta- og menningarstarfsemi	31
Samgöngumál	27
Efla byggð utan Eyjafjarðar	22
Vera sýnilegra	21
Styrkja landbúnað	20

3.16. Lokaorð

Hér fyrir framan gefur að líta helstu niðurstöður úr könnun sem gerð var á viðhorfum íbúa í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum til Kaupfélags Eyfirðinga á Akureyri. Heilt yfir má segja að almennt sé fólk ánægt með þær breytingar sem hafa orðið á KEA á undanförunum árum. Almennt er talið að vel hafi til tekist með þau verkefni sem KEA hefur innt af hendi og skilaboðin til KEA eru þau að ætlast er til þess að félagið standi fyrir atvinnuuppbyggingu á svæðinu og eflingu byggðar. Kaup og sala á fyrirtækjum er það helsta sem fólk sér sem neikvæðan hlut varðandi KEA en að öðru leyti hefur fólk almennt góða tilfinningu gagnvart félaginu. Hvað varðar gamla kaupfélagsmerkið og ímynd þess í hugum fólks þá eru fleiri á þeirri skoðun að félagið eigi ekki að skipta um nafn eða merki þrátt fyrir að félagið í dag standi fyrir allt annað en það gerði í upphafi.

4. Viðauki

Hvað er að þínu mati það jákvæðasta sem KEA hefur fengist við upp á síðkastið?

? Styrkja ýmsa málstaði
Að halda verslun í dreifbýli
Að leggja upp laupana
að losa sig út úr verslunarrekstri
Að Norðlenska er ennþá á Húsavík
að splitta öllu upp, jarðgangastefna
Aðkoma að HA - menningarstarf hefur verið til bóta
aðkoma að Norðurvegi
aðkoma að ýmsu varðandi atvinnumál
aðkoma þeirra í uppbyggingu ungra íþróttamanna
Afsláttarkort jákvætt annars veit ekki
Afsláttarmiðar
Allt mjög gott
atv.mál
atv.mál - samg.mál - menningarmál
Atvinnuuppbygging
Atvinnuuppbygging með hlutabréfum, fé til rannsóknastarfa
Auglýsingapésinn sem þeir senda
Aukin fjárfesting
aukning peninga í fyrirtækin
ávaxta peninga vel, ýmsir styrkir
Baðlónin í Mývatnssveit
Bjargaði því sem bjargað varð (kaupf.) Menningarstarfss. styrkja ýmis málefni -
atv.starfssemi. Hætta að reka Kaupf. sem góðg.starfssemi
Byggja sig upp aftur
byggja upp atv.mál
Duglegir að styrkja
Ef þeir eru að skapa atvinnu (fiskeldi)
efla starfss. á svæðinu t.d. Jarðböðin
efla ýmisl. s.s. splitt í eignarhaldsfélagi - leggja pen í menningarmál og ýmis félög
Efling atvinnu í Þingeyjarsveit
eitthv. tengt atv.málum
eitthvað tengt Akureyri
ekkert
ekkert
ekkert
ekkert
Ekkert
ekkert
Ekkert
Ekkert
ekkert sérstakt
ekki
ekki hugmynd
ekki hugmynd

Ekki hugmynd
Ekki leitt hugan að því
Ekki neitt
ekki nógu vel upplýst
ekki sáttur
fara með Nettó suðu
ferðaðþjónusta
fiskeldi
Fjárfestigarstefna þeirra
Fjárfesting Kaldbakur
Fjárfestinga - styrkir
fjárfestingar
fjárfestingar
fjárfestingar
fjárfestingar
fjárfestingar
fjárfestingar - háleidisvegur
fjárfestingar - menningarstyrkir
Fjárfestingar góðar
Fjárfestingar í fyrirtækjum á norðurlandi
fjárfestingarstefna - hálendisvegur
Fjárfestingastefnan
Fjárfestingin í Norðlenska
fjármagn í samfélagið, veita pening í verkefni
Fjármunir láti gott af sér leiða
Fjárstuðningur við nýsköpun
fjölga starfsmönnum
Fjölskyldan f'ær afsláttarmiða
Fóru inn í Kaldbak
framfarir í mjólkurframleiðslu
Framlög til atvinnumálaog aðkoma að fyrirtækjum á svæði 640
fveit ekki
Fylgist ekki með, veit ekki
gagnvart lágvöruverði
Gátu selt hlutabréfin
gengið vel að búa til peninga
Get ekki svarað
Get ekki svarað
Getur ekki svarað
gott kjöt
góð eftirfylgni
göng í Vaðlaheiði
Göng vaðlaheiði
hafa verið að gera ágæta hluti
halda niðri vöruverði - góð þjónusta
Halda Norðlenska á floti, menningarmál - Jarðböðin
Hálendisvegur
hálendisvegur
hef ekki skoðun
hef ekki skoðun
Hefur ekki áhuga á KEA
Hefur lítið verið gerð
hefur verið að fást við jákv. hluti
Hjálpa Norðlenska að halda áfram

Hlutabr.viðskiptin
Hlutabréfaeign í jarðgangnagerð í Vaðlaheiði
Hvað þeir hafa verið að styðja við menningarmál
Idolið var á Hotel KEA, fleiri bílastæði hjá KEA
Jarðböðin
jarðböðin
jarðgangagerð
Jarðgöngin gegn um Vaðlaheiði og rannsóknarvinnu
Kalbakur
Kaskó á Húsavík - Kaldbakur
Kaup á Norðlenska
Kaup og Kaldbak
kaupa hluti hingað og þangað og styrkja fyrirtæki
Kaupa minni félög og stækka
Kaupa norðlenska
Kaupin á Norðlenska
KEA - Netto verslanir - lággjaldaverslanir
KEA hjálpaði norðlenska
KEA Nettó
KEA skyið
KEA skyr
KEA skyr - augl.herferðin
kea-skyrið - þróun á nýjum matvörum
Keypti Norðlenska og seldi bændum hluta af því
Keyptu gróðrastöðina í Kjarna
Keyptu Norðlenska - hjálpa bændum við að eignast vegagerð
kjötið
Koma að atvinnurekstri
Koma með fjármagn til Gróðrastöðvarinnar í Kjarna
Koma öllu yfir í hlutabr.eignir
Kostur að fara út í atvinnuuppbyggingu
kynning ekki næg
lagning á hálendisvegi
Lágt matvöruverð með Netto
Lágvöruverslun
lágvöruverslun á Húsavík
Lánaði bændum pening til að kaupa norðlenska
leggja fé til fyrirtækja
Leggja fjármagn í uppbyggingu á svæðinu, kaup á Norðlenska og Norðurmjólk
Leggja í atvinnurekstur t.d.jarðböð í Mývatnssveit
Leggja málefnum lið eins og Vaðlaheiðargöngum
leggja pen. í jarðböðin
leggja pen. í ýmis fyrirtæki
listadót
Lífeyrissjóðurinn á Kaldbak
lítið jákvætt
lítið jákvætt - hafa lítið gert
Losa sig við búðir
lögun þeirra á rekstri sjávarútv.
Man ekki
man ekki
Man ekki eftir neinu
markaðs setning, vöruþróun
Matvæladót

Matvælaframleiðsla
Meðan þeir voru með Kaldbak
mennigar og fræðslustyrkir
mennigarstarf
Menningamálastyrkir
menningarmál
menningarmál
menningarmál og samgöngumál
Menningarmál og styrkir
Menningarmál sem þeir taka að sér
menningarsjóður
Menningarsjóður KEA
menningarstarfssemi - atv.starfssemi
menningarstyrkir
menningarstyrkir
Menningarstyrkir
Menningarstyrkir
mjólkín
Mjólkursamlag - Norðlenska
mjólkursamlagið
Náttúruböðin við Mývatn
nei
nei
nei
Nettó
Nettó
Nettó
nettó
Nettó
nettó
Nettó
Norðlenska
Norðlenska
Norðlenska - kjötiðnaður á Húsavík
Norðlenska bændur og Vaðlaheiðagöng.
Norðlenska= slátrun
samfélagsleg verkefni
samgöngumál
Samstarf við HA, byggðastefna og uppbyggingarstefna
selja búðir - styrkir
selja Kaldbak
Setja peninga í ýmis fyrirtæki
Skipaútgæð
Skiptingin
Skyrið
Skyrið
Skyrið
skyrið er fínt
Staða fyrirtækisins?
Stofnun félags um hálendisveg
stofnun Kaldbaks
Stofnun menningarsjóðsins
stuðla að uppbyggingu í Eyjafirði
Stuðla að Vaðlaheiðagöngum og stytta leiðina til Reykjavíkur

stuðning við menningarmál
stuðningur við atvinnu
Stuðningur við Eyjafjarðasvæðið
stuðningur við félagssvæðið
stutt menningarstarfssemi og Norðlenska
Styðja Vaðlah.göng
Styðja Vaðlah.göng
Styðja við atv.lífið í Eyjaf.
Styrking á atv.lífi
Styrking byggðarlagsins
Styrking t.d. við Vaðlah.göng og Mývatan
Styrkir
styrkir
styrkir
Styrkir afreksfólk
styrkir á svæðinu
styrkir heimahéraðið - menning
styrkir í ýmis verkefni
Styrkir sem þeir eru að veita
styrkir til atv.mála
Styrkir til atvinnuuppbyggingar
styrkir til fólks á svæðinu
Styrkir til HA + menningarmál
styrkir til íþróttar
Styrkir til íþróttamanna
Styrkir til íþróttamanna og menningamála
styrkir til listamanna
Styrkir til menningamála
styrkir til menningar og íþróttamála + fjármálin
styrkir til menningar og þeirra sem skara fram úr
styrkir til menningarmála
styrkir til menningarmála
Styrkir til menningarmála
Styrkir til menningarmála
Styrkir til menningarmála og atv.uppbygg.
Styrkir til menningarmála, uppbygging á Eyjafjarðarsvæðinu
styrkir til námsmanna
styrkir til ungs fólks t.d. tónlist og íþróttir
styrkir úr menningarsj.KEA
styrkir v/menningarmála
Styrkir við íþróttar og menningarmál
Styrkir yfir höfuð
Styrkirnir sem þeir veita
Styrkja Afreksfólkið
styrkja alskyns unglingsstarf
Styrkja atv.lif og menningu
styrkja atv.starfssemi og samgöngur
styrkja atvinnu og menningarlíf
styrkja atvinnulíf og menningu
styrkja fyrirtæki o.fl.
styrkja góð málefni
styrkja göng og hálendisveg
styrkja HA
Styrkja íþróttafélög

Styrkja matvælafyrirtæki á Akureyri
Styrkja málefni ýmiskonar
Styrkja menningarmál
styrkja menningarmál
Styrkja menningarviðb. og Vaðlaheiðargöng
styrkja menntun o.fl.
styrkja minni fyrirtæki og hjálpa ýmsu
styrkja námsfólk og íþróttafólk
styrkja svæðið í kringum AK.
styrkja ýmis góð málefni
Styrkja ýmis málefni
styrktarmál
styrktarstarfssemi
styrktu snjókrossið í fyrra og hitt i fyrra
styrkur við nýja starfsemi
styrkveitingar
styrkveitingar
styrkveitingar
styrkveitingar
styrkveitingar
styrkveitingar
styrkveitingar
Styrkveitingar til félaga og einstaklinga
Styrkveitingar til íþróttafólks
styrkveitingar til þjóðþrifamála
Stækkun flugsafns, vegamál
t.d. menningarsjóður
taka þátt í umræðunni, að vilja skoða sameingarmál+ málefni varðandi Brim
Taka þátt í ýmsum verkefnum efla nýsköpun
Tekið þátt í atvinnulífinu
tengist KASKÓ (matv.fyrirtæki á Húsavík)
Tilboð sem koma upp annað slagið
styrkveitingar til fyrirtækja og menningarm
umræðan um hálendisveg
Uppbygging sem þeir eru að hlúa að
Úrval
Útgerð og sláturhús
Útgerðarsviðið
úthlutanir úr menningarsj.
Vaðlah.göng
Vaðlah.göng
Vaðlaheiðarg.
Vaðlaheiðargöng
Vaðlaheiðargöng
Vaðlaheiðargöng
Vaðlaheiðargöng
Vaðlaheiðargöng
Vaðlaheiðargöng
Vaðlaheiðargöng
Vaðlaheiðargöng - hálendisvegur
Vaðlaheiðargöng - hálendisvegur
Vaxtasamn. Vaðlah.göng, hálendisv. ýmsir styrkir, Norðlenska
Vaxtasamningur Eyjaf.
veit ekki
veit ekki

En hvað er að þínu mati það neikvæðasta sem KEA hefur fengist við upp á síðkastið?

að draga sig út úr verslunarrekstri
að hafa ekki gert meira á því sviði
Að hætta í atvinnustarfssemi í Eyjafirði
Að hætta öll í samb.við fólk í kring t.d.frystihús Dalvík og kaupfélög
Að kaupa ekki útl.
Að selja eða loka öllum búðunum
Að selja Kaldbak
Að selja og hætta með allar versl.
Að senda skrifstofur ofl. suður
að styrkja það ekki í vetur (snjócrossið)
aðgerðarleysi
aðkoma að hálendisvegi
allt
allt fáránlegt
allt í samb.við breytingaferlið
áttu ekki að kaupa Norðlenska
Breyta/hætta með kjötvinnsluna á Húsavík
breytist í fjárf.félag og selja allar verslanir
breytt eignaraðeild matvörudeilda
Burðarás
búðirnar að hverfa
Draga úr matvælaverslunum
dregið sig út úr atvinnuuppbyggingu á svæðinu
Drógu sig út úr atvinnurekstri
eiga ekki mikið í atv.rekstir á Akureyri
Einhver sameining (man ekki hvaða fyrirtæki)
ekkert
ekkert
ekkert
ekkert
ekkert
ekkert
ekkert
ekkert
Ekkert neikvætt
ekkert sérstakt
Ekkert sérstakt
ekki hugmynd
ekki hugmynd
ekki hugmynd
Ekki leitt hugan að því
ekki nógu vel upplýst
ekki nógu virkt - vera sýnilegri
ekki viss
engar matvörubúðir í bænum
engar verslannir = slæmt
Er allt að hverfa, Er KEA til?
eru ekki sýnilegir
Farnir frá bæjarfélaginu
fer lítið fyrir þeim í bæjarfél. - ekki sýnilegir
Félagslega hliðin sem hefur orðið skipbrot

Fjarlægjast upprunan/félagsmenn í fjárfestingabraski
Frekir við Húsvíkingsa, yfirtóku Kþ, mjólkursaml og kjötiðju
furðulegt verðlag í verslunnum
Fækka störfum
fækkaði störfum í smærri sveitum
Get ekki svarað
Glata tengslum við atv.lífið á Húsavíkursvæðinu
gleyptu Kþ
greið leið neikvætt að taka þátt í því
Hafa dregið sig út úr verslunarrekstri
hafa ekki gengið frá samningi við Norðuskel í Hrísey
Hafa lagt sjálft sig niður
hálendisvegalagning
hálendisvegur
hálendisvegurinn
hálendisvegurinn
hef ekki skoðun
hef ekki skoðun
hefði viljað gamla kaupfélagið á svæðinu
Hefur ekki áhuga á KEA
hefur litið verið gerð
hinn allmenni félagsmaður veit minna en áður
hlutabr.brask
hlutabréfabrask
hlutafjárbrask
horfa of mikið til Akureyrar
hræringar á peningum
hugsa bara um stóru svæðin ekkert um litlu
Hvað þeir héngu lengi á kolreiminni
hvernig búið er að fara með félagið
Hvernig það seldi, átti að laga innan frá en ekki selja. Fóru illa með fé bænda
Hvernig þeir hafa farið með bændur
Hvernig þeir hafa farið með bændur í gegnum árin
Hvernig þeir komu fram við þingeyinga
hætta með allar búðirnar
hætti verslunarrekstri
hættir að reka Nettó - verðbréfafyrirtæki
hættir atv.rekstri
Hættu með Hrísalund
Hættu með verslanir og iðnað
itjum ekki við sama borð og Akureyringa
Jarðgöng til Húsavíkur
Kaldbakur látinn falla inn í öðrum fyrirtækjum
Kaldbakur t.d. hagnaðarsjónarmið í ÚA
kannast ekki við neitt
Kaup samherja á frystihúsi Dalvíkur
Kaupf. Húsavík
Kaupf.stjórinn að skipta sér af kvóta hjá bændum
Kaupf.varð a'ð engu
kaupfélagið
KEA ekki það og það var
Kjötiðnaðarstöðin - breytingar á henni
klaufalegt matvörumarkaðurinn kominn suður og engin KEA verslun lengur
Klúðruðu kvótamálunum

kynningarmál (á starfssemi fyrirtækisins)
KÞ
KÞ á hausinn
KÞ lagt niður
KÞ lagt niður
KÞ og KEA fór eins og það fór
lagði KÞ niður
laun stjórnarformanna
leggja kea niður, verslunarrekstur
Leggja niður bændur
leggja niður kaupfélögin
leggja niður verslanir á svæðinu
leggja niður verslun og stunda verðbr.viðskipti
leggja pening í hálendisveg á þessum slóðum, frekar á Sprengisandsleið
leggja þetta niður
loka búðum
loka útibúum á Eyjafj.svæðinu
loka öllu, hætta með starfsemi
Loka öllum dyrum á svæðinu 620 Ekki hlynnt stórum hlutafélögum
lokanir
Lokuðu KÞ
Lokuðu verslunum úti á landi
lokun KÞ
losa sig út úr Kaldbak
losa sig við svona mikið
man ekki
man ekki
man ekki
man ekki
man ekki
Man ekki eftir neinu
Man ekki eftir neinu
Man ekki eftir neinu í augnablikinu
Margt, ekki þjónustað mannlífið
menn segja sjálfsgagt að taka af nálægum sveitafélögum , gleypa í sig og hrifsa
Mennigarstyrkir eru bara veittir til Akureyringa
miklar hræringar á stuttum tíma
Minna vöruúrval í sínu sveitafélagi
minnkandi atv.starfssemi
Missa skrifstofu samkaup í Kef.
mjólkursamlag KÞ
Mætti gera enn betur
Náðu KÞ - lokun á frystihúsunum á Dalvík og í Hrísey
nei
nei
nei
nei
Niðurlagning Atvinnu, sala fyrirtækja og stofnanna til utanaðkomandi aðila
norðlensk matvæli
norðurvegurinn/stórasandsvegur
Of lítið upplýsingaflæði
of mikil gróðrahyggja
ogvodafone
óánægð með sölu á Hraðfristihúsi Dalvíkur

pass
pen.stefna
peningabrölt
ránið á Kþ
Rekstarkostn. á KEA
sala á verslunum
Sala á þeim fyrirt. sem sköpuðu atv. á svæðinu
Sala ÚA
sala á ÚA
Sala á ÚA
Sala á ÚA
Sals BGB snæfells á Dalvík
Samband við bændur
Samdráttur í verslun á Sigló
sameining
sameining, að selja allt
samningur við bændurna var hryllilegur, sem var gerður í haust
seldu ÚA
Seldu ÚA
Seldu ÚA
Seldu úd Samherja
Selja allar eigur sínar, hætta verslun og viðskiptum við Eyjafjörð
selja búðirnar
Selja frá sér búðirnar
selja frá sér búðirnar
selja frá sér eignir
selja fyrirtæki úr héraði ofl.
selja Kaldbak inn í Burðarás
Selja ÚA
Selja ÚA
skipta fyrirtækinu upp - loka einingum t.d.á Húsavík
Starfssemi þeirra hefur dregist saman
stefna á stórfyrirtæki en mættu fjárfesta í minni fyrirtækjum
Stjórna launum á Akureyri, haldið niðri
stuðluðu og stóðu að því að leggja Kþ niður
Sundrungur
sýsla með eignir sem þeir eiga ekki
Sölur á hinum og þessum fyrirtækjum skilar ekki nóg
tofnsjóður/mjólkursamlagið, Borgaði út bændu
Tóku yfir mjólkursamlag og lögðu niður
ÚA dæmið
úrval matarafurða
Vantar bílastæði hjá Hótelinu
Veg við Stórasand ekki jákvætt
veit
veit ekki
veit ekki
veit ekki
veit ekki
veit ekki
veit ekki
veit ekki
veit ekki
veit ekki
veit ekki

veit ekki
veit ekki
veit ekki
veit ekki
veit ekki
veit ekki
veit ekki
veit ekki
veit ekki
veit ekki
veit ekki
veit ekki
veit ekki
veit ekki
veit ekki
veit ekki
veit ekki
veit ekki
veit ekki
veit ekki
veit ekki
veit ekki
veit ekki
veit ekki
veit ekki
veit ekki
veit ekki
veit ekki
veit ekki
veit ekki (vantar þekkingu)
veit ekki en umræðan hefur ekki verið jákvæð
veit ekki með starfsemi á Sigló
veit ekki skortir þekkingu
vera ósýnilegir - halda sér í rekstri í búða - fiski ÚA - mál
verðbréfabrask
verslannir orðnar of fáar. Vill fá verslun á Ólafsfjörð
Verslun á Siglufirði
Verslunnarhætti hætt
yfirtaka KÞ
Yfirtaka KÞ fyrir tilstuðlan Landsbankans
Yfirtaka, kollsteypa KÞ
yfirtakan á KÞ
yfirtakan á KÞ
yfirtakan á KÞ
yfirtakan á KÞ
yfirtakan á KÞ
yfirtakan í KÞ
Yfirtakan KÞ og mjólkursamlaginu
Yfirtóku KÞ
ýmislegt

Ýmislegt en man ekkert í augnablikinu
 Það að búið er að leggja niður allar búðir, óheppileg stjórn
 Það er að hverfa
 Það er ekki lengur fyrir bændur
 Þegar bændur keyptu mjólkursamlagið
 Þegar þeir fengu mjólkursamlagið á Húsavík og svikust um að koma með nýja
 atv.starfssemi í staðinn
 þegar þeir gleypu KÞ
 þegar þeir gleypu KÞ
 þegar þeir hættu verslunar og atv.rekstri
 þegar þeir létu bændur kaupa aftur hlut í Norðlenska
 þegar þeir seldu húseignir sínar
 þegar þeir seldu ÚA
 Þeir töpuðu öllu í bænum, KEA á ekkert lengur
 þessi draumur um að verða fjárfestingarfélag
 Öll atvinna farin

Geturðu nefnt dæmi um eitthvað sem þér finnst hafa gengið vel eða illa?

Aðlilar að ýmsu góðu
 allt illa
 á móti hálandisvegi / í rannsóknastarfssemi
 ávaxta sitt eigið fé vel
 Baðfélag Mývatni
 Baðfélag Mývatns
 baðhúsið í Mývatnssveit = gott
 baðlónið í Mýv.sv. - jarðgöng í Vaðlah.
 Bifreiðasmiðja Ólafsfjarðar - hluthafar (gott)
 Burðarás - gott
 efling Norðlenska
 eignir sem KEA keypti á Húsavík - slæmt
 eir gera ekki nogu mikið, það vantar kraftmeiri menn í stjórn, þarf að vera sýnil
 Eiríkur hætti, jákvætt
 ekkert orðið var við það
 ekkert vel, ekkert hér lengur
 ekki neitt
 engar fjárfestingar á Húsavík
 fara úr verslunargeiranum - illa
 Fiskvinnsla Hrisey (illa) Menningarstarfsemin Vel
 Fiskvinnslufyrirtæki
 fjárfestingarfélag - gott
 fjárfestingin horfið ú bæjarfélaginu
 Fyrirtæki í Ólafsfirði, MT bílar
 gengið vel í útgerðarfél.
 gengur vel að sanka að sér peningum
 get ekk nefnt neitt eitt
 Gott = Fél í Mývatnssveit
 gott að styrkja Jarðböðin í Mývatnssveit
 Gott: MTbílar á Ólafsfirði og fiskeldið
 Góð starfssemi og þjónusta - atv.skapandi nú er það búið
 Góðar fjárfestingar í sjávarútvegi
 Góðir hlutir í verslunarrekstri + fiskverkun
 greið leið neikvætt að taka þátt í því

Göngin
